



Fréttatilkynning

20 May 2025 15:30:00 GMT

Arion banki: Kaupréttaráætlun starfsfólks

Í samræmi við starfskjarastefnu Arion banka hf. er í gildi kaupréttaráætlun á grundvelli 10. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003 sem samþykkt var á aðalfundi bankans árið 2020 með síðari breytingum.

Í samræmi við starfskjarastefnu Arion banka hf. er í gildi kaupréttaráætlun á grundvelli 10. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003 sem samþykkt var á aðalfundi bankans árið 2020 með síðari breytingum. Kaupréttaráætlunin gildir til fimm ára frá árinu 2021 til ársins 2026 og nær til allra fastráðinna starfsmanna bankans og dótturfélaganna Varðar trygginga hf. og Stefnis hf. og er markmið áætlunarinnar að samþætta hagsmuni starfsfólks við langtímahagsmuni samstæðunnar. Tilkynnt var um framkvæmd kaupréttaráætlunarinnar og breytingar á henni þann [9. febrúar 2021](#), [18. febrúar 2022](#), [9. maí 2022](#), [20. febrúar 2023](#), [15. maí 2023](#), [20. febrúar 2024](#), [13. maí 2024](#) og [24. febrúar 2025](#).

Í kjölfar nýtingar kaupréttaráætlunar nú í maí og gerð nýrra kaupréttarsamninga, eru í gildi kaupréttarsamningar við starfsfólk bankans og dótturfélaga sem ná til samtals 8.874.871 hluta á árinu 2026. Kaupgengi hlutanna skiptist þannig að gildandi eru kaupréttir að 2.475.393 hlutum á genginu 95,5, að 582.669 hlutum á genginu 140,56, að 156.948 hlutum á genginu 143,36, að 3.705.366 hlutum á genginu 153,75, að 751.204 hlutum á genginu 155,75, að 163.535 hlutum á genginu 155,93 og 1.039.757 hlutum á genginu 174,56. Heildarfjöldi starfsfólks bankans og dótturfélaga með gilda kaupréttarsamninga eru 823.

Vinsamlegast beinið fyrirspurnum til:

Theodórs Friðbertssonar, fjárfestatengsl Arion banka, ir@arionbanki.is, s. 856 6760 eða Haraldar Guðna Eiðssonar, forstöðumanns samskiptasviðs, samskiptasvid@arionbanki.is, s. 856 7108.

Viðhengi

[Arion banki: Kaupréttaráætlun starfsfólks](#)